



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Jólaverslunin 2005 / jólagjöfin í ár

22. nóvember 2005

Jólaverslunin 2005


Jólin eru gleðilegur tími. Sérstök stemmning skapast bæði inni á heimilum og á götum úti. Gleðin birtist á margs konar hátt, í gegnum tilbeiðslu en einnig með tónlist, vel útlátnum mat og ógrynni af sætindum. Ekki má svo gleyma gjöfunum. Hver má hafa sína skoðun á svokölluðu “neysluæði” jólanna en eitt er víst að kaupmenn eiga það til að kætast í lok desembermánaðar. Svo er að minnsta kosti nú í ár, því allt stefnir í met í verslun fyrir jólin.

Vísbendingar um umfang jólaverslunarinnar

I.

Fyrsta vísbendingin um að nýtt met sé í vændum er þróun veltu samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri. Í fyrra jókst velta smásöluverslunar um heil 8,5% og í ár stefnir í viðlíka vöxt. Verði þróunin svipuð á seinni helmingi ársins og á þeim fyrri má búast við 8,4% aukningu á ársveltunni.

Velta í nóvember og desember¹ er að öllu jöfnu hærri en að meðaltali yfir árið. Undanfarin ár hefur jólaveltan (samkvæmt þessari skilgreiningu) verið að meðaltali 20% meiri en að meðaltali yfir árið. Þetta hlutfall er nokkuð stöðugt á milli ára – hefur til dæmis aðeins sveiflast á milli 18 og 22% síðastliðin fjögur ár. Jólaverslunin er mismikilvæg einstökum verslunargreinum. Sérstaklega eru jólamánuðirnir mikilvægir verslun með snyrtivörur, fatnað, raftæki, bækur og gjafavöru.



Mynd 1: Aukning veltu í smásölu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum

* miðað við fyrri helming 2005 samanborið við fyrri helming 2004

¹ Árinu er skipt niður í sex virðisaukaskattstímabil sem eru tveir mánuðir í senn.


II.

Önnur vísendingin um ástand og horfur í verslun fæst með skoðun á veltu greiðslukorta, enda fer langstærstur hluti smásöluverslunar fram með debet eða kredit kortum. Hér til hliðar gefur að líta yfirlit yfir greiðslukortaveltu, annars vegar debetkortanotkunar í verslunum í desember og hins vegar kreditkortanotkun á því tímabili sem nær yfir megnið af desembermánuði auk fyrri hluta janúar. Þessa samtölu má með sanni kalla

jólaortaveltu. Vöxturinn hefur verið mikill undanfarin ár, eins og sést á meðfylgjandi töflu og var langmestur á milli árána 2003 og 2004 eða um 17,5%. Spá RSV um jólaortaveltuna árið 2005 hljóðar upp á 38.770 milljónir sem samsvarar 10,8% aukningu á milli ára, enda hefur nokkuð dregið úr vexti greiðslukortanotkunar á síðustu mánuðum að teknu tilliti til árstíðaráhrifa.

III.

Þriðja vísendingin um hvers má vænta í jólaersluninni er fádæma vöxtur einkaneyslu



Mynd 2: Raun ársbreyting í einkaneyslu og vergri landsframleiðslu, eftir ársfjórðungum (Hagstofa Íslands)

Tafla 1: Samanlögð velta debetkorta í desember og kreditkorta í janúar, ár hvert (Seðlabankinn)

	Jólaortavelta, millj. Króna	Aukning milli ára
2001	25.064	
2002	27.220	8,6%
2003	29.779	9,4%
2004	34.984	17,5%
2005	38.770	10,8%

undanfarin misseri. Árlegur vöxtur hefur verið yfir 5% síðan í ársbyrjun 2003 og náði nýjum hæðum á öðrum ársfjórðungi þessa árs, eða 14,1% hækkun miðað við sama fjórðung árið áður. Þessi aukning fer saman við mikla útlánaaukningu bankakerfisins til heimila.

IV.

Fjórðu vísbendinguna má fá út frá veltu dagvöru og áfengis, sem við höfum hvað gleggstar upplýsingar um frá smásöluvísitölu RSV og SVP. Árshækkun veltu að krónutölu hefur verið að meðaltali 7,3 og 7,4% síðustu þrjá mánuði að meðaltali. Með hliðsjón af öðrum upplýsingum má gera ráð fyrir að aukningin sé enn meiri í sérvöruverslun.

V.

Fimmta vísbendingin kemur frá verslunum sjálfum. Af óformlegri könnun á meðal verslunarfólks má ráða að væntingar séu um góða jólavertíð og að gera megi ráð fyrir að velta í sérvöru aukist um 10 til 15% frá fyrra ári.

Spá um jólavelturna 2005

Erfitt er að greina veltu í íslenskri smásöluverslun nákvæmlega niður á greinar. Eina ítarlega sundurliðunin sem fyrirfinnst byggir á virðisaukaskattskýrslum. Síðustu ár hefur verið leitni í þá átt að verslunarfyrtæki í ólíkum geirum hafa sameinast og því gefur atvinnugreinaflokkunin oft og tíðum óljósa mynd af þróuninni í einstökum greinum yfir tíma. Hér verður því að nægja að flokka verslun í tvo álíka stóra flokka, verslun með dagvöru og áfengi annars vegar og sérvöru hins vegar. Tölur um greiðslukortaveltu ríma ágætlega við upplýsingar um virðisaukaskattsveltu en birtast miklu fyrr og eru betur afmarkaðar þannig að auðveldara er að spá fyrir um veltuna í desember sérstaklega á grundvelli þeirra. Hér er því einkum byggt á greiðslukortaviðskiptum þegar heildarveltan er skoðuð. Sundurliðunin tekur þó mark af þróun smásöluvísitölu dagvöru og virðisaukaskattsveltu.

Í spánni er gert ráð fyrir að smásöluvelta í desember með virðisaukaskatti nemi 38.770 milljónum króna sem er 10,8% hækkun frá fyrra ári. Ennfremur að aukningin verði um 7,4% í dagvöruverslun en 13,6% í sérvöru. Á grundvelli sérstakrar athugunar á árstíðarsveiflu í greiðslukortaveltu má áætla að velta

Tafla 2 : Spá um smásöluveltu vegna desembermánaðar 2005

	Spá um kortaveltu v. desember (millj. króna)	Hækkun frá fyrra ári	Umframvelta vegna jóla (millj. króna)	Umframvelta á mann (kr.)
Dagvara	16.908	7,4%	2.243	7.563
Sérvara	21.862	13,6%	3.572	12.044
Samtals	38.770	10,8%	5.815	19.607

vegna jólanna umfram það sem væri í meðalmánuði verði um 5.815 milljónir króna í ár. Þetta samsvarar viðbótarútgjöldum upp á 19.607 krónur á hvert mannsbarn, eða 78.429 krónur á hverja fjögurra manna fjölskyldu, vegna jólahaldsins.

Spá sem þessi er að sjálfsögðu háð ýmsum óvissuþáttum. Einkum getur skipt máli fyrir innlenda verslun hvernig viðrar í desembermánuði og að hve miklu leyti landsmenn kaupir inn erlendis fyrir jólin. Slæmt veður hefur hingað til ekki stöðvað jólin þó svo að það geti haft veruleg áhrif á verslunarmynstur. Fátt bendir enn fremur til þess að landsmenn muni í meiri mæli en undanfarin ár leggja í strangar verslunarferðir erlendis. Búast má við að Íslendingar verði á faraldsfæti í desembermánuði líkt og undanfarin ár, en ekki síður sér til skemmtunar en í þeim eina tilgangi að versla fyrir jólin.

22. nóvember 2005

Jón Þór Sturluson

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

Jólagjöfin í ár

Rannsóknasetur verslunarinnar hefur ákveðið að héðan í frá muni það útnefna hina einu og sönnu jólagjöf, ár hver. Þetta er að sjálfsögðu meira til gamans gert og ekki í þeim tilgangi að beina jólagjafainnkaupum inn á tilteknar brautir. Tilgangurinn er fremur að undirstrika tíðarandann í einhvers konar samhengi. Fyrirmyndin er sótt til systurstofnunar RSV í Svíþjóð (HUI) sem hefur útnefnt jólagjöf ársins í tengslum við árlega jólasþá sína allt frá árinu 1988.

Skipaður var sérstakur jólagjafapanell, sem í voru Arnar Þór Óskarsson, Davíð Klemenzson, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir og Kristjana Elísabet Guðlaugsdóttir. Öll eru þau nemendur við Viðskiptaháskólann á Bifröst og tilheyra svokölluðu smásöluteymi.

Við val á “jólagjöfinni í ár” var gengið út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. að viðkomandi vara geti talist nýjung í einum eða öðrum skilningi
2. að hún sé verðugur fulltrúi fyrir tíðarandann og/eða tísku
3. að hún standi undir mikilli veltu, annað hvort mikið seld eða mjög verðmæt

Leitað var eftir tilnefningum hjá margs konar verslunum og var margt um áhugaverðar hugmyndir. Fullkomin samstaða varð þó um þá niðurstöðu sem hér er kynnt.

Jólagjöfin í ár er: *lófaspilarinn* eða það sem á ensku kallast *portable media player*. Lófaspilarinn er handhægt tæki sem hægt er nota hvar og hvenær sem er til að njóta fjölbreyttrar skemmtunar, s.s. tónlistar, kvikmynda, kyrrmynda og leikja. Dæmi um slík tæki sem nú eru afar vinsæl eru, PSP leikjatölvan frá Sony, AV 700 lófaspilarinn frá Archos, og nýi Ipod spilarinn.

Margs konar miðunartæki fyrir stafræna skemmtun hafa verið á boðstólum undanfarin ár. Árið 2005 var hins vegar bylting á þessu sviði





Þar sem úr ýmsum áttum hafa birst nýjar kynslóðir lófaspilara sem gera fólki kleift að njóta tónlistar, kvikmynda og leikja hvar og hvenær sem er. Í sumum þessara tækja má einnig lesa stafrænar bækur og vafra á veraldarvefnum. Ótvírætt er að tæki sem þessi eru þegar farin að seljast í stóru upplagi og mundu vafalaust verða vinsæl og einkennandi fyrir jólin 2005.

Gleðileg jól!